

FUNDARGERÐ SAMRÁÐSNEFNDAR UM VEIKINDARÉTT

Nefndina skipa fulltrúar samningsaðila að samkomulagi BHM, BSRB og KÍ við fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, Reykjavíkurborg og Launaneftnd sveitarfélaga (nú Samninganeftnd Sambands íslenskra sveitarfélaga, SN) frá 24. október 2000 um tiltekin atriði (þ. á. m. veikindarétt) er varða réttindi starfsmanna í framangreindum samtökum.

18. fundur

Fundur var haldinn í samráðsnefnd um veikindarétt miðvikudaginn 23. nóvember 2011 í húsnæði Sambands íslenskra sveitarfélaga, Borgartúni 30 og hófst fundurinn kl. 10:00.

Mætt voru: Sólveig B. Gunnarsdóttir (SN), Sigurlaug Kristín Jóhannsdóttir (fjr.), Kristín Þóra Harðardóttir (RVK), Erna Guðmundsdóttir (KÍ og BHM) og Sonja Ýr Þorbergsdóttir (BSRB) sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Erindi Kjalar – stéttarfélags starfsmanna í opinberri þjónustu

Rætt var áfram um mál sem barst samráðsnefndinni 22. september sl. varðandi veikindarétt starfsmanns sem ráðinn er til að sinna bakvöktum og varð fyrir vinnuslysi. Var óskað eftir að nefndin tæki til umfjöllunar hvort viðkomandi starfsmaður nyti veikindaréttar skv. gr. 12.2.1 eða gr. 12.2.2 í kjarasamningi, þ.e. eins og starfsmaður á mánaðarlaunum eða starfsmaður ráðinn til tímavinnu. SKJ og SÝP lögðu fram frekari gögn vegna málsins. SKJ gerði fyrirvara varðandi útreikning á starfshlutfalli.

Aðilar urðu sammála um að réttindi starfsmanns sem eingöngu væri ráðinn á bakvaktir til veikinda væri ekki allskostar skýr í kjarasamningi. SBG, SKJ og KPH voru sammála um að umræddur starfsmaður bæri öll einkenni þess að vera tímavinnumaður í ljósi þess að hann væri ekki ráðinn til starfa á mánaðarlaunum, áynni sér ekki rétt til orlofstöku, orlofsuppbót né persónuuppbót í desember. Einnig væri á það að líta að umrætt starf sé ekki aðalstarf starfsmannsins, vinnufyrirkomulag samkvæmt ráðningarsamningi beri með sér að hann sé tímavinnumaður og að hann falli undir heimild atvinnurekanda skv. kjarasamningi til að vera ráðinn í tímavinnu þar sem hann ynni að sérhæfðu afmörkuðu verkefni, sbr. 3. tölul. gr. 1.4.2. kjarasamnings. Þar af leiðandi bæri að miða réttindi hans við gr. 12.2.2 í kjarasamningi aðila. EG og SÝP töldu að líta bæri til ráðningarsamnings starfsmannsins þar sem tilgreint væri að hann sé ráðinn til starfa á bakvöktum en ekki í tímavinnu. Í því tilliti var áréttuð skylda atvinnurekanda til að upplýsa starfsmenn um ráðningarkjör með skriflegum ráðningarsamningi. Heimild atvinnurekanda til að ráða starfsfólk í tímavinnu samkvæmt áður nefndum ákvæðum kjarasamnings ætti að nota í undantekningatilvikum og bæri að skýra þröngt. Ráðning umrædds starfsmanns félli ekki undir þær þröngu heimildir og því ætti veikindaréttur tímavinnnumanna ekki við. Þar af leiðandi bæri að miða réttindi hans við gr. 12.2.1. í kjarasamningi aðila.

Samkvæmt öllu framansögðu náðist ekki sameiginleg niðurstaða nefndarinnar.

2. Önnur mál

- i) Ákveðið var að vekja athygli viðsejenda á hve óskýr kjarasamningur væri um veikindarétt starfsmanna sem eingöngu væru ráðnir til bakvakta og að ástæða væri til að reyna að skýra ákvæðin m.t.t. starfsmanna sem svo er háttað um.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 11:00.